

4.10.2 gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020  
32. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

## Gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara

Í grein 4.10.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segir:

„Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem felur a.m.k. í sér:

- a. Staðfestingu á hæfni iðnmeistara,
- b. Eftirfarandi skrár yfir eigið innra eftirlit vegna einstakra verkþátta:
  1. lýsingu á því hvernig innra eftirliti með einstökum verkþáttum er sinnt,
  2. skrá yfir hönnunargögn, verklýsingar og önnur skrifleg fyrirmæli,
  3. skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra,
  4. skrá yfir athugasemdir og samskipti við byggingarstjóra vegna framkvæmdar,
  5. skráning á niðurstöðu innra eftirlits.
- c. Afrit af ábyrgðaryfirlýsingum þeirra.

Iðnmeistari skal tilkynna Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar. Sé gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara ekki vottað af faggiltri vottunarstofu skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð þess og virkni.“

### 1 Umfang

Leiðbeiningarnar eiga við um þá starfsemi iðnmeistara sem fellur undir ábyrgð hans samkvæmt byggingareglugerð. Leiðbeiningar þessar ná yfir starfsemi húsnásmíðameistara, múrarmeistara, pípuþingameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara og málarmeistara og dúklagninga- og veggfóðrarmeistara.

Um gæðastjórnunarkerfi rafvirkjameistara gildir reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009, með síðari breytingum.

Þeir iðnmeistarar sem hafa fengið starfsleyfi sem þjónustuaðili brunapéttinga samkvæmt 38. gr. a laga um brunavarnir, nr. 75/2000, skulu að auki fara eftir leiðbeiningum um gæðakerfi þjónustuaðila brunapéttinga eins og fram kemur í reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011.

### 2 Ábyrgð

Iðnmeistari ber ábyrgð á allri framkvæmd við innleiðingu og rekstur gæðastjórnunarkerfis og að það sé samkvæmt settum reglum.

### 3 Leiðbeiningar/Lýsing

#### a Gæðastjórnunarkerfi

Iðnmeistara ber að koma sér upp skilgreindu gæðastjórnunarkerfi þannig að tryggt sé að öll starfsemi hans sé samkvæmt reglum. Iðnmeistari fylgi byggingareglugerð, leiðbeiningum og fyrirmælum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og öðrum gildandi lögum og reglum, eftir því sem við á, í störfum sínum.

#### b Skráning á verkum og verkþáttum og vistun gagna

Iðnmeistara ber að koma sér upp verkskráningu og vistun gagna sem uppfyllir þau skilyrði að hægt sé að rekja öll hans verk. Ef þess er óskað af HMS, skal iðnmeistari geta sýnt yfirlit yfir verk sín og rakið hvert verkefni og hvern verkþátt.

Helstu gögn sem iðnmeistara ber að vista eru:

- vottorð og skjöl er varða löggildingu iðnmeistara
- vottorð og skjöl er varða menntun og hæfni
- ábyrgðaryfirlýsingar vegna útgáfu byggingaleyfa
- tilkynningar um iðnmeistaraskipti
- vottorð frá Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á
- samningar
- samningar við byggingarstjóra um samskipti
- skrá yfir móttækin hönnunargögn, verklýsingar og önnur fyrirmæli
- Samskipti við byggingastjóra og athugasemdir vegna framkvæmda
- skrá yfir úttektir samkvæmt byggingareglugerð og niðurstöður þeirra (úttektir byggingarstjóra, áfangaúttektir, stöðuúttektir, öryggisúttekt og lokaúttekt)
- gögn um prófanir lagnakerfa eftir því sem við á
- gögn um vottanir/efnislýsingar byggingarvöru
- skrá yfir innri úttektir og niðurstöður þeirra
- bréf og fyrirmæli HMS vegna gæðastjórnunarkerfis
- viðeigandi staðlar

#### c Innra eftirlit

Iðnmeistara ber að hafa eftirlit með allri vinnu sem unnin er í hans nafni, enda ber hann ábyrgð á framkvæmd hennar. Hann skal gera áætlun um innra eftirlit með einstaka verkþáttum og lýsingu á því hvernig eftirlitinu er sinnt. Halda skal skrá yfir niðurstöður innra eftirlits ásamt þeim úrbótum sem ráðist var í vegna athugasemda og frábrigða í úttekt.

Við framkvæmd eigin eftirlits með gæðastjórnunarkerfinu skal nota gátlista sem HMS notar við skoðun á gæðastjórnunarkerfinu, lög um mannvirki, byggingareglugerð, leiðbeiningar HMS og viðeigandi staðla.

**d Reglugerðir og fyrirmæli**

Reglugerðir og fyrirmæli sem iðnmeistara ber að eiga eða hafa aðgang að:

- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum
- Leiðbeiningar HMS eftir því sem við á.

**4 Tilvísanir**

- Gátlisti /Skoðunar skýrsla HMS
- ÍST EN ISO 9001:2015
- ÍST 30:2012
- Verklagsreglur um öryggisstjórnunarkerfa rafverktaka: [www.hms.is](http://www.hms.is)

## 5 Viðauki

Dæmi um efnisyfirlit gæðahandbókar:

### Inngangur

Efnisyfirlit  
Tilgangur  
Löggilding  
Menntun og hæfni starfsmanna

### Verklag

Lög, reglugerðir og reglur  
Leiðbeiningar HMS  
Viðeigandi staðlar

### Skráningar

Verkefnaskrá  
Samningar  
Skrá yfir ábyrgðaryfirlýsingar og iðnmeistaraskipti  
Skrá yfir hönnunargögn og verklýsingar  
Skrá um samskipti við byggingastjóra  
Skrá um úttektir verka og athugasemdir  
Skrá um úrbætur vegna athugasemda  
Vottorð /efnislýsingar byggingavöru

### Innra eftirlit

Innri úttektir vegna eigin verka  
Úrbætur vegna frábrigða í úttekt

### Annað eftirlit

Vottorð og tilkynningar til Vinnueftirlits ríkisins eftir því sem við á  
Ýmis leyfi  
Annað

Ef notaðar eru tölvuskrár skal lýst hvar þær eru vistaðar og hvernig og hve oft þær eru afritaðar.

**Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:**

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	8.11.2013
1.1	Úrelt tilvísun fjarlægð	4.4.2014
1.2	Tilvísun sett inn	12.6.2018
1.3	Letur stækkað	3.1.2019
1.4	8.breyting byggingarreglugerðar	18.2.2019
1.5	MVS breytt í HMS og tilvísanir fjarlægðar	4.2.2020
1.6	Yfirlit yfir breytingar	15.12.2020
1.7	Tilvísanir leiðréttar	26.1.2021